

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Svínhagi R24 og R25, Rangárvöllum, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. október 2014, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Heklubyggðar, dagsett 25. nóvember 2013. Breytingin tekur til samruna tveggja lóða, Fitjakrauns 19 og Höfðakrauns 1, áður Svínhagi R24 og R25. Sameinuð lóð mun bera nafnið Fitjakraun 19. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. Rangárþings ytra, Hellu, 11. desember 2014,

Haraldur Birgir Haraldsson, skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2015